



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

# Löggæsla í Dalabyggð



Ríkislögreglustjóri  
21. desember 2023

## Efniyfirlit

Samantek um niðurstöður .....	3
1 Inngangur .....	4
2 Löggæsluáætlun .....	4
3 Löggæsla í dreifbýli.....	5
3.1 Grenndarlöggæsla .....	5
3.2 Verkefnaíðuð löggæsla .....	5
4 Lögreglustöðvar.....	6
4.1 Staðsetning lögreglustöðva.....	6
4.2 Lögreglustöðvar / varðsvæði.....	7
4.3 Flokkun lögreglustöðva .....	8
5 Lögreglustöðvar og byggðarkjarnar á Vesturlandi .....	8
6 Verkefni lögreglu í Dalabyggð .....	10
6.1 Fjöldi mála lögreglu skráð í Dalabyggð.....	11
6.2 Umferðarlöggæsla, neyðarútkallsþjónusta .....	12
7 Viðbragðstími .....	14
8 Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu .....	15
9 Viðbragðsaðilar .....	16
10 Lögreglustöð í Búðardal .....	16
10.1 Almennt.....	16
10.2 Lágmarksmönnun.....	18

## Samantek um niðurstöður

Það er niðurstaða greinargerðarinnar að byggð og landfræðilegar forsendur í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi kalli á staðsetningu lögreglustöðvar í Búðardal eða að Dalabyggð verði skilgreind sem sérstakt varðsvæði og eftirlitsbifreið sé til staðar á sambærilegum tíma og lögreglustöð væri annars mönnum. Þó um skipulagt varðsvæði væri að ræða er nauðsynlegt að til staðar væri lögreglustöð á staðnum í ljósi þess hve langt er til næstu lögreglustöðvar. Dalabyggð er landfræðilega stórt svæði og útkallsvegalengdir langar. Byggð og langar vegalengdir kallar þannig á að lögreglustöð sé í Búðardal. Þá liggur um svæðið meginæð þjóðvegakerfisins til Vestfjarða. Á árunum 2021 til 31. október 2023 eru skráð 23 útköll á forgangi eitt og tvö. Fjöldinn kallar á það að Dalabyggð sé að lágmarki skilgreind sem sérstakt varðsvæði og mannað sem slíkt ef ekki er mönnum lögreglustöð.

Það er mikilvægt að lögreglan sinni grenndarlöggæslu í nærsamfélaginu og veiti almenningi þjónustu. Markmið löggæsluáætlunar um viðbragðstíma og krafan um að almenningur njóti eftir því sem hægt er sambærilegrar þjónustu og öryggis hvar sem er á landinu kallar á viðveru lögreglu í Dalabyggð. Það er einnig liður í að öryggisstig í umdæminu sé ásættanlegt. Hvað varðar fjölda brota og verkefna í Dalabyggð og hlutverks lögreglu á sviði afbrotavarna og öryggismála er það mat ríkislögreglustóra að til staðar séu verkefni sem kalla á viðveru lögreglumanna á svæðinu. Það er einnig liður í því að ná markmiðum um lágmarks viðbragðstíma hvað varðar neyðarútköll og lágmarks öryggisstig. Ljóst er að til þess að ná ásættanlegum viðbragðstíma vegna útkalla á svæðið þarf viðveru lögreglu nær því en sem nemur fjarlægð frá lögreglustöð hvort heldur er í Borgarnesi eða Stykkishólmi.

Mönnun með lögreglumönnum hvort heldur er að þar sé lögreglustöð eða sérstakt skipulagt varðsvæði kallar á álíka fjöldi lögreglumanna. Aksturstími hvort heldur er frá lögreglustöð í Borgarnesi eða Stykkishólmi er lengri en sem nemur 45 mínútna viðmiði og ef manna á svæðið sem varðsvæði kallar það frekar á fleiri lögreglumenn en ef þar væri lögreglustöð. Auk þess er fjarlægðin slík að nauðsynlegt væri að lögreglan hefði einhverja lágmarksaðstöðu á staðnum þó væri um sérstakt varðsvæði að ræða eins og getið er um hér að framan. Í ljósi fjarlægðar frá næstu lögreglustöð í Borgarnesi má ætla að kostnaður yrði álíka hvort heldur er að lögreglustöð er mönnum í Búðardal eða að Dalabyggð sé sérstakt varðsvæði og aðstaða til staðar í Búðardal.

Að mati ríkislögreglustjóra hvað varðar grenndarlögreglustöðvar verður að líta svo á að lágmarksmönnun sé fjórir til níu lögreglumenn. Meginverkefni viðkomandi er almenn löggæsla þ.m.t. umferðarlöggæsla, rannsóknir minniháttar mála, forvarnir og önnur grenndarlögreglustörf þar með málefni er varða börn og ungmenni og alhliða samstarf við aðrar stofnanir og almenning. Að mati ríkislögreglustjóra er lágmarksfjöldi lögreglumanna á grenndarlögreglustöð fjórir lögreglumenn. Hvað varðar lágmarks aðstöðu grenndarlögreglustöðvar er það mat ríkislögreglustjóra að gera verði þá kröfu að til staðar sé aðstaða fyrir varðstofu, skýrslugerð, yfirheyrslur, starfsmannaaðstaða og bílageymsla fyrir lögreglubifreiðar. Þá þarf að vera fangaklefi til skammtímavistunar fanga.

Með tilkomu heilsársvegar um Þröskulda liggur umferð til og frá Vestfjörðum í dag aðallega um Dalabyggð og þörf er á aukinni umferðarlöggæslu. Einnig er mikilvægt að bæta samgöngur beint út á Snæfellsnes en hluti vegarins er ekki með bundnu slitlagi og seinfarin. Góðar samgöngur bæta möguleika á aukinni löggæslu á svæðinu. Tilkoma heilsársvegar um Þröskulda hefur skapað aukna möguleika á samstarfi við lögregluna á Vestfjörðum um löggæslu á nærliggjandi svæðum. Einnig eru möguleikar á auknu samstarfi við lögregluna á Norðurlandi Vestra. Lögreglumenn frá lögreglustöð í Búðardal, á

Hvammstanga, Hólmavík og eftir atvikum Patreksfirði gætu í auknum mæli samhæft störf sín svo sem varðandi lögregluéftirlit.

## 1 Inngangur

Greinargerð þessi er unnin að ósk lögreglustjórans á Vesturlandi með vísan til d. og f. liðar 5. gr. 1. mgr. lögreglulaga nr. 90/1996. Um er að ræða mat á viðbúnaðar- og þjónustuþörf lögreglunnar á Vesturlandi í Dalabyggð og starfsemi lögreglu þar, m.a. út frá útkallsþunga, verkefnum lögreglu, staðsetningu annarra viðbragðsaðila, vegalengda, þróunar í samgöngumálum og þeirra mælikvarða sem stjórnvöld hafa sett í löggæsluáætlun 2019 til 2023. Meðfylgjandi erindi lögreglustjórans var m.a. minnisblaði sveitarfélagsins Dalabyggðar, dags. 18.04.2023 um Búðardal sem miðlægan stað til löggæslu.

Ekki liggur fyrir þarfagreining eða viðmið um hvað skuli lagt til grundvallar við mat á hvar þurfi að vera lögreglustöðvar. Í 3. mgr. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um að ráðherra ákveði í reglugerð hvar aðalstöð lögreglustjóra skuli staðsett og hvar lögreglustöðvar verði starfræktar að höfðu samráði við lögreglustjóra. Reglugerðin er nr. 1150/2014 um umdæmi lögreglustjóra. Þar er kveðið á um varðandi umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi að lögreglustöð skuli m.a. vera í Búðardal.

Við mat á þörfinni fyrir lögreglustöð þarf að líta til fleiri þátta en fjölda íbúa. Einnig verður að líta til stærðar umdæma, vegalengda þjóðvegakerfisins, veðurfarslegra aðstæðna, staðsetningu byggða, fjarlægða innan umdæmis o.fl. Þannig geta verið fámenn byggðarlög sem vegna fjarlægðar, fjölda umferðarslysa eða náttúruvár kallar á að lögreglustöð sé til staðar. Í því efni getur einnig þurft að horfa framhjá umdæmamörkum.

Þá verður að hafa í huga að það eitt að hafa lögreglustöð á viðkomandi stað felur ekki endilega í sér betri löggæslu. Þannig kann að vera hagkvæmari nýting mannafla að staðsetja fleiri á sama stað og gera út útkallsbifreiðar á skipulögð varðsvæði í stað þess að hafa þar mannaða lögreglustöð.

Í ljósi þess að ekki liggja fyrir viðmið sem leggja má til grundvallar við þarfagreiningu á hvar þurfi að vera lögreglustöðvar eru í greinargerð þessari sett fram slík viðmið og þau höfð til grundvallar við mat á viðbúnaðar- og þjónustuþörf lögreglunnar á Vesturlandi í Dalabyggð. Þá er einnig fjallað um verkefni á sviði samfélagslöggæslu sem ekki verður sinnt öðruvísi en í nánu samstarfi við aðrar stofnanir og almenning á hverju starfssvæði lögreglu fyrir sig.

## 2 Löggæsluáætlun

Markmiðið með gerð löggæsluáætlunar er að setja fram almenna stefnumörkun í löggæslumálum m.a. að kortleggja og greina stöðuna í löggæslumálum hverju sinni. Settir eru fram mælikvarðar og markmið varðandi þjónustu- og öryggisstig og innri málefni lögreglu. Meðal annars er lögð áhersla á að lögreglan sé til staðar þar sem og á þeim tíma sem hennar er þörf. Einnig að lögreglan tryggji borgurinum, hvar sem er á landinu, sambærilega þjónustu og öryggi eftir því sem hægt er. Löggæsluáætlun er einnig ætlað að vera grundvöllur varðandi mat á mannaflaþörf lögreglu.

Markmið og mælikvarðar sem sett eru fram í löggæsluáætluninni eru höfð að leiðarljósi við mat á löggæsluþörfinni í Dalabyggð í greinargerð þessari. Við skipulagningu á uppbyggingu lögregluliða þarf fyrst og fremst að hafa til hliðsjónar hver lágmarksviðmið fyrir fullnægjandi þjónustu eigi að vera sem m.a. felst í því að lögreglan geti uppfyllt markmið um neyðarútkallsþjónustu.

### 3 Löggæsla í dreifbýli

Almenningur hefur þær væntingar til lögreglu að hún sé fljót á vettvang þegar fólk er í neyð. Einnig að hún sinni fyrirbyggjandi löggæslu á sviði afbrotavarna, rannsóknir mála og ræki hlutverk sitt varðandi almannavarnir. Hvað varðar leit og björgun á landi og almannavarnir fer lögreglan með samhfingrarhlutverk viðbragða og oft reynir mjög á að lögreglan sé til staðar í dreifðum byggðum vegna margvíslegra ógna.

#### 3.1 Grenndarlöggæsla

Löggæsla í dreifbýli og minni byggðakjörnum er grenndarlöggæsla. Markmiðið með grenndarlöggæslu er að mynda tengsl við íbúa og stofnanir og byggja upp traust milli íbúa og lögreglu svo sem með bættri upplýsingagjöf og að taka fljótt á málum sem upp koma. Lögreglan sé sýnileg, taki á brotum og sinni afbrotavörnum. Með auknum tengslum almennings og lögreglu aukast líkur á því að almenningur veiti lögreglu upplýsingar um brotastarfsemi. Lögreglan geti þannig leitast við að grípa inn í áður en vandamálin verða illviðráðanleg.

Önnur hlutverk lögreglu svo sem þjónustu- og hjálparhlutverkið er ekki síður mikilvægt til að tryggja góð samskipti hennar við almenning. Þá er mikilvægt að hafa í huga aðstoðar- og samstarfshlutverk hennar við önnur stjórnvöld og stofnanir, ekki síst hvað varðar afbrotavarnir. Verkefni lögreglu tengjast oft verkefnum annarra stjórnvalda og eru oft í reynd sameiginleg verkefni til þess að vinna á móti hættulegri þróun hvort sem er varðandi einstaklinga eða samfélagið. Sérstaklega er kveðið á um skyldu lögreglu til slíks samstarfs í 11. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Slíkt samstarf er mjög mikilvægt fyrir lögreglu varðandi löggæslu og reynar oft sem samstarfsaðilarnir hafa úrræði til þess að leysa vandamál en ekki lögreglan sjálf.

Auk löggæsluáætlunar hafa stjórnvöld sett stefnur svo sem um aðgerðir gegn mansali og áætlanir um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess. Verkefni sem kalla á að lögreglan ræki hlutverk sitt varðandi samstarf við aðrar stofnanir og almenning. Lögreglumenn á grenndarlögreglustöðvum geta sinnt mikilvægu hlutverki á þessu sviði sem samfélagslögreglumenn.

Mikilvægt er að lögreglan móti stefnur og venjur sem standa vörð um samskiptin og tryggja aðgengi almennings. Með virku forvarnarstarfi og markvissri upplýsingagjöf getur lögreglan leiðbeint, aðstoðað og upplýst almenning um afbrot og hvernig beita megi nauðsynlegum varúðarráðstöfunum til þess að minnka veikleika.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að lögreglan eigi góð samskipti við almenning. Það má ekki aðeins líta á almenning sem tilkynnanda í tengslum við slys og afbrot. Samskipti lögreglu við almenning verða að felast í raunverulegum samskiptum þar sem lögreglan bæði hlustar og upplýsir og þar sem lögreglan viðurkennir þörf og gildi góðs samtals við almenning. Mikilvægt er að lögreglan veiti upplýsingar um áherslur stofnunarinnar og helstu straua í þróun afbrota í umdæminu en einnig um önnur mál sem skipta almenning máli.

#### 3.2 Verkefnamiðuð löggæsla

Aðferðarfræði um verkefnamiðuða löggæslu er góð nálgun til þess að greina þörfina á aðgerðum varðandi grenndarlöggæslu. Með verkefnamiðuðri löggæslu er leitast við að komast að orsökum afbrota

eða vandamála og takast á við þær en einskorða sig ekki við afleiðingar. Þau mál sem verða tilefni útkalla lögreglu eru oft afleiðingar annars og víðtækari vanda. Orsökina verður gjarnan ljós ef mál eru skoðuð í samhengi á víðari grunni. Sem dæmi má taka fjölda líkamsmeiðinga á tilteknu svæði, lögreglu er samt að vinna úr hverju slíku tilviki fyrir sig en þegar öll málin eru skoðuð í samhengi má e.t.v. vinna lausnina í heildstæðari úrvinnslu.<sup>1</sup> Þannig sé lögð áhersla á eftirtöld markmið:

- Fækkun afbrota þar sem leitast er við að leysa vandamál í stað þess að ljúka afskiptum eingöngu með inngripi.
- Aukinni sérfræðivæðingu í forvarnastarfi, þar sem skýr rök eru færð fyrir vali á verkefnum og útfærslu á þeim.
- Auknu samstarfi milli lögregluembættanna sem eykur líkur á miðlun upplýsinga og þekkingar.
- Auknu samstarfi við aðrar stofnanir.
- Því að lögregla skilgreini betur hvaða verkefnum henni ber að sinna og hvað er í verkahring annarra.<sup>2</sup>

Eitt þeirra úrræða sem beita má eftir þörfum er skipulagt lögregluftirlit. Ef greiningar gefa tilefni til að vakta svæði á ákveðnum tímum er hægt að gera það ýmist með einkennisklæddu lögregluliði eða eftir atvikum að lögreglumenn séu óeinkennisklæddir. Ef um eftirlit á merktu ökutæki er að ræða eykur það sýnileika sem getur verið liður í því að auka öryggisfinningu almennings.

## 4 Lögreglustöðvar

Staðbundið lögreglulið með áherslu á aðgengi fólks að lögreglu krefst margra og dreifðra þjónustustaða. Lögreglan þarf að vera til taks í nærsamfélögum, bæði í stærri þéttbýlisstöðum og smærri byggðakjörnum á landsbyggðinni. Nærvera á staðnum er nauðsynleg forsenda samskipta og nálægðar við almenning. Mikilvægt er að lögregluliðin hafi skýra stefnu um hvernig aðgengi almennings að lögreglu sé tryggð og að hún sinni starfi sínu í samvinnu við aðrar stofnanir og viðbragðsaðila.

Hægt er að tryggja nærveru lögreglu með annars vegar staðsetningu lögreglustöðva eða skipulögðum varðsvæðum. Í báðum tilfellum ræðst þó þjónustan af þeim fjölda lögreglumanna sem er til staðar hverju sinni. Það eitt og sér að hafa lögreglustöð á staðnum bætir ekki löggæslu ef hún er ekki mönnum með fullnægjandi hætti og gildir það sama um varðsvæði.

### 4.1 Staðsetning lögreglustöðva

Staðsetning og stærð lögreglustöðva á Íslandi byggist að miklu leyti á sögulegum forsendum. Ekki hefur farið fram heildstæð greining á hvar þurfi að vera lögreglustöðvar og umfang starfsemi á hverjum stað. Þá hefur staðsetning lögreglustöðva miðast við einstök umdæmi en ekki verið litið til þess að þjónustusvæði lögreglustöðvar yfir umdæmamörk getur í sumum tilfellum bætt þjónustu lögreglunnar og eftir atvikum stýtt viðbragðstíma. Að nokkru leyti hefur verið brugðist við með þeim hætti að fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra hefur heimild til þess að senda útkallslið lögreglu milli umdæma. Skapast þannig tækifæri til að stytta viðbragðstíma með því að senda útkallsbifreiðar yfir umdæmamörk

<sup>1</sup> <https://innrivefur.tmd.is/RafrænUmburðarbref/2007-11->

13%20Frumkv%C3%B6%C3%B0laverkefni%20verkefna%C3%B0a%C3%B0rar%20l%C3%B6gg%C3%A6slu%20og%20n%C3%A6stu%20skref.pdf#search=verkefna%C3%B0u%C3%B0

<sup>2</sup> [2006020226.pdf \(tmd.is\)](#)

eftir þörfum. Mikilvægt er að skipulag lögreglunnar taki mið af því markmiði að hún starfi sem eitt lögreglulið. Skipulag hennar miði að því að veita bestu þjónustu og nýta getu hennar með sem hagkvæmustum hætti.

Til þess að leysa kjarnaverkefni lögreglu er mikilvægt að hún sé til staðar þar sem hún getur sinnt fyrirbyggjandi verkefnum og tryggt ásættanlegan viðbragðstíma. Hún sé til staðar á þeim tíma og svæði þar sem mestar líkur eru á að komi til útkallsverkefna. Þannig taki staðsetning lögreglustöðva m.a. hliðsjón af því hvar fólk býr og brot og verkefni eiga sér stað en einnig útkallsvegalegdum, slysatíðni, viðbragðstíma, stærðar landsvæða, veðurfarsaðstæðna, færðar o.fl.

## 4.2 Lögreglustöðvar / varðsvæði

Í skýrslu norska dómsmálaráðuneytisins, Politianalysen NOU 2013:9<sup>3</sup>, eru gerðar tillögur um fækkun lögreglustöðva og að staðsetning þeirra skoðuð út frá m.a. viðbragðstíma. Er í skýrslunni gert ráð fyrir að staðsetning lögreglustöðva leiði til þess að um 75% alvarlegustu útkallanna verði innan 15 mínútna viðbragðstíma og um 96% innan 45 mínútna frá lögreglustöð. Með því að skipuleggja varðsvæði í stað þeirra lögreglustöðva sem lagðar niður er í skýrslunni gert ráð fyrir að stytta viðbragðstímamenn enn frekar. Viðbragðstími verði því styttri en framangreint vegna mönnunar sérstakra varðsvæða.

Byggt á þeim tillögum sem fram koma í norsku skýrslunni og í samræmi við markmið um þjónustu- og öryggisstig sem sett eru í löggæsluáætlun fyrir 2019 til 2023 setur ríkislögreglustjóri fram eftirfarandi viðmið um staðsetningu og fjölda lögreglustöðva byggð á eftirfarandi forsendum:

- Sem stærstur hluti íbúa (90%) sé innan 45 mínútna aksturstíma til næstu lögreglustöðvar.
- Staðir þar sem hafa verið meira en 9 forgangsráttöl (forgangur 1 og 2) á árunum 2021 til 2023 séu innan sérstakra varðsvæða ef þar er ekki mönnuð lögreglustöð.
- Aksturstími frá sem allra flestum varðsvæðum að lögreglustöð sé innan við 45 mínútur.

Hvað staðsetningu lögreglustöðva varðar verði einnig tekið tillit til þess ef byggð og langar vegalengdir kalla sérstaklega á að lögreglustöð verði á viðkomandi stað þótt framangreindar forsendur kalli ekki á slíkt.

Forsendurnar byggjast m.a. á því að framfarir í upplýsingatækni hafi minnkað þörfina fyrir komur hins almenna borgara á lögreglustöð. Lögð er áhersla á greiningu á hvar og á hvaða tíma þörf er á lögreglunni og eftir atvikum sett upp sérstök varðsvæði þar sem lögreglan staðsetur útkallsökutæki. Einnig er í forsendum þessum horft til aukinna tæknilausna hjá lögreglu svo sem tölvuvæðingar ökutækja sem hefur í för með sér að lögreglubifreiðin er í reynd færanleg lögreglustöð og unnt að ljúka allflestum málum þegar á vettvangi.

Staðsetning lögreglustöðva og varðsvæða lögreglu taki mið af því að stytta viðbragðstíma sem mest með því að tryggja nærveru lögreglunnar á þeim tíma og stað þar sem þörfin er vegna F1 og F2 forgangsmála.

<sup>3</sup>Ett politi – rustet til å møte fremtidens utfordringer, Politianalysen NOU:2013:9, bls. 129 til 131.

<https://www.regjeringen.no/contentassets/5e2a1012dbc7449e8f57813e7822252b/no/pdfs/nou201320130009000dddpdfs.pdf>

### 4.3 Flokkun lögreglustöðva

Í áðurnefndri reglugerð um umdæmi lögreglustóra nr. 1150/2014 er gert ráð fyrir að í hverju umdæmi sé aðallögreglustöð og auk þeirra lögreglustöðvar samkvæmt ákvörðun ráðherra eftir tillögu lögreglustjóra. Með lögreglustöð er samkvæmt 3. gr. reglugerðarinnar átt við starfsstöð lögreglu utan aðalstöðvar lögreglustjóra. Kveðið er á um að lögreglustjóri ákveði viðverutíma lögreglu á lögreglustöðvum. Samkvæmt 4. mgr. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um að lögreglustjóri ákveði hvaða starfsfólk hefur aðsetur á aðalstöð lögreglu annars vegar og á lögreglustöðvum hins vegar.

Frekari skilgreiningar er ekki að finna um hvaða starfsemi fari fram annars vegar á aðallögreglustöð og hins vegar lögreglustöðvum né mismunandi flokkun lögreglustöðva svo sem með tilliti til þess hve stóran hluta sólarhringsins þær eru mannaðar, hvaða starfsemi fer þar fram eða hve margir lögreglumenn manni stöðina. Ekki er sama skipan hjá öllum lögregluembættum svo sem að rannsóknardeildir séu staðsettar á aðallögreglustöð, né er sólarhringsvakt í öllum umdæmum. Eftir atvikum væri rétt að lögreglustjóri hefði aðsetur á aðallögreglustöð og að þar væri sólarhringsvakt.

Hvað varðar grenndarlögreglustöð verður að líta svo á að lágmarksmönnun sé fjórir til níu lögreglumenn. Meginverkefni viðkomandi er almenn löggæsla þ.m.t. umferðarlöggæsla, rannsóknir minniháttar mála, forvarnir og önnur grenndarlögreglustörf þar með málefni er varða börn og ungmenni og alhliða samstarf við aðrar stofnanir og almenning.

Að mati ríkislögreglustjóra er lágmarksfjöldi lögreglumanna á grenndarlögreglustöð fjórir lögreglumenn. Í dag þekkist að til staðar séu dagstöðvar með tveim lögreglumönnum en mikilvægt er að fjölga lögreglumönnum í þeim tilfellum í fjóra eins fljótt og hægt er.

Hafa verður einnig í huga að hvað varðar grenndarlögreglustöðvar er ekki gert ráð fyrir að ávallt sé til staðar lögreglumaður á stöðinni allan þann tíma sem vakt er mönnum. Hægt er að auglýsa viðveru á ákveðnum tíma dags e.h. daga vikunnar auk þess sem erindum sé í auknum sinnt með rafrænum lausnum. Forgangsatíði er að lögreglumenn sinni löggæslu úti við og séu ávallt tilbúnir í neyðarútköllum.

Þá liggur ekki fyrir kröfulýsing eða skilgreining á hvaða aðstaða skal vera til staðar á lögreglustöðvum. Að lágmarki verður þó að gera kröfu til að þar sé aðstaða fyrir varðstofu, skýrslugerð, yfirheyrslur, starfsmannaaðstaða og bílageymsla fyrir lögreglubifreiðar. Þá þarf að vera fangaklefi til skammtíma vistarfangna.

## 5 Lögreglustöðvar og byggðarkjarnar á Vesturlandi

Í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi eru í dag lögreglustöðvar í Borgarnesi, Stykkishólmi, Ólafsvík og á Akranesi. Ekki eru til staðar lögreglustöð í Grundarfirði í dag.


Fjölmargir byggðakjarnar eru í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi og mismunandi fjölmennir. Í töflu 1 má sjá íbúafjölda í hinum ýmsu byggðakjörnum. Fjölmennastir eru Akranes, Borgarnes og Stykkishólmur. Þá eru 2.657 íbúar skráðir búsettir í dreifbýli.



Tafla 1. Byggðakjarnar í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi.

Byggðakjarnar	Íbúafjöldi	% íbúafjölda
Kleppjárnsreykir	44	0,3
Innnes	98	0,6
Reykholt í Borgarfirði	104	0,6
Rif	137	0,8
Melahverfi	177	1,0
Bifröst	242	1,4
Búðardalur	246	1,4
Hvanneyri	298	1,7
Hellissandur	364	2,1
Grundarfjörður	816	4,7
Ólafsvík	991	5,6
Stykkishólmur	1.216	6,9
Borgarnes	2.165	12,3
Akranes	7.986	45,5
*Dreifbýli	2.657	15,1
Alls	<b>17.541</b>	<b>100,0</b>

Á mynd 1 má síðan sjá hvernig byggðakjarnarnir dreifast um umdæmið.



Mynd 1. Íbúafjöldi sveitarfélaga og byggðakjarna á Vesturlandi.<sup>4</sup>

Vesturland er strjálbýlt svæði en staðsetning byggðakjarna eftir sem áður að mestu haf felld hvað varðar nálægð við lögreglustöðvar. Undantekning hvað það varðar er Búðardalur og hluti af dreifbýli

<sup>4</sup> Sótt á vef Byggðastofnunar 30. október 2023.

[https://public.tableau.com/app/profile/byggdastofnun/viz/ibuafj\\_sveitarf-byggdakj/ibuafjoldi](https://public.tableau.com/app/profile/byggdastofnun/viz/ibuafj_sveitarf-byggdakj/ibuafjoldi)

Dalabyggðar. Þá gefur kortið tilefni til að meta þörfina á því að sérstakt varðsvæði verði í uppsveitum Borgarfjarðar til að stytta viðbragðstíma.

Í töflu 2 er tiltekin áætlaður aksturstími milli byggðarlaga miðað við 90 km/klst. hvað varðar önnur byggðalög en á milli Búðardals og byggðalaga á Snæfellsnesi. Þar er viðmiðið 70 km/klst. og er þá horft til þess enn á eftir að laga hluta vegarins um Skógarstönd. Framkvæmd var tímamæling á milli Stykkishólms og Búðardals. Ljóst er að ef ekki er lögreglustöð í Búðardal er það eini byggðarkjarninn í umdæminu þar sem ekki er innan við 45 mínútna akstursfjarlægð til lögreglustöðvar.

Tafla 2. Áætlaður aksturstími milli byggðakjarna.<sup>5</sup>

Byggðarlög	Akrænes	Bífröst	Borgarnes	Búðardalur	Grundarfjörður	Hellissandur	Hvanneyri	Innes	Kleppjamsreykir	Melshverfi	Ólafsvík	Reykholt	Rif	Stykkishólmur
Akrænes		00:46	00:25	01:18	01:33	01:52	00:31	00:02	00:43	00:10	01:45	00:47	01:50	01:30
Bífröst	00:46		00:21	00:32	01:27	01:45	00:21	00:48	00:20	00:37	01:39	00:23	01:43	01:16
Borgarnes	00:25	00:21		00:53	01:09	01:27	00:09	00:27	00:16	01:21	00:26	01:25	01:06	
Búðardalur	01:18	00:32	00:53		01:31	02:01	00:54	01:20	00:53	01:09	01:53	00:55	01:58	01:14
Grundarfjörður	01:33	01:27	01:09	01:31		00:23	01:18	01:36	01:29	01:24	00:17	01:34	00:21	00:25
Hellissandur	01:52	01:45	01:27	02:01	00:23		01:36	01:54	01:47	01:42	00:06	01:53	00:02	00:49
Hvanneyri	00:31	00:21	00:09	00:54	01:18	01:36		00:33	00:15	00:22	01:30	00:19	01:34	01:15
Innes	00:02	00:48	00:27	01:20	01:36	01:54	00:33		00:46	00:12	01:48	00:50	01:52	01:33
Kleppjamsreykir	00:43	00:20	00:22	00:53	01:29	01:47	00:15	00:46		00:34	01:41	00:04	01:45	01:26
Melshverfi	00:10	00:37	00:16	01:09	01:24	01:42	00:22	00:12	00:34		01:36	00:38	01:40	01:21
Ólafsvík	01:45	01:39	01:20	01:53	00:17	00:06	01:30	01:48	01:41	01:36		01:46	00:04	00:43
Reykholt í Borgarfirði	00:47	00:23	00:26	00:55	01:34	01:52	00:19	00:50	00:04	00:38	01:46		01:50	01:31
Rif	01:50	01:43	01:25	01:58	00:21	00:02	01:34	01:52	01:45	01:40	00:04	01:51		00:47
Stykkishólmur	01:30	01:16	01:06	01:14	00:26	00:49	01:15	01:33	01:26	01:21	00:43	01:31	00:47	

## 6 Verkefni lögreglu í Dalabyggð

Þegar horft er til staðsetningar lögreglustöðva verður m.a. að horfa til þess hvort nægjanleg verkefni séu á svæðinu fyrir lögreglumenn sem þar eru staðsettir. Verkefni við almenna löggæslu hafa verið greind í skýrslu ríkislögreglustjóra um skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar.<sup>6</sup> Þar kemur m.a. fram:

*„Hlutverk almennrar lögreglu er að vera til staðar með viðbragðssveit sem sinnir útköllum. Þess á milli sinnir hún skilvirku eftirliti og frumrannsóknnum mála með það að leiðarljósi að ljúka sem flestum málum í framhaldi af fyrstu afskiptum lögreglumanna. Umferðarmál eru meðal umfangsmestu verkefna almennrar löggæslu en markmiðið með umferðarlöggæslu er sýnileiki í umferðinni og markviss vinnubrögð til að fækka umferðaróhöppum og umferðarslysum og auka öryggi. Almenn lögregla er framvarðarsveit lögreglunnar hverju sinni og gegnir veigamesta hlutverkinu í grunnþjónustu hennar.“*

Verkefni almennrar lögreglu teljast þannig til grunnþjónustu lögreglunnar og eru henni falin mörg verkefni er snúa að öllum hlutverkum lögreglunnar hvort sem er almenn löggæsla, afbrotavarnir, rannsóknir mál eða þjónustu- og hjálparhlutverkið. Þá leikur hún eitt stærsta hlutverkið hvað varðar öryggishlutverk lögreglunnar. Lögreglulið þurfa að vera viðbúin margvíslegum atburðum sem kalla á skjót viðbrögð lögreglu með auknum mannafla og í sumum tilfellum vopnaburði. Við slík tilvik getur skipt mestu máli að stutt sé í fyrsta viðbragð lögreglu og staðsetning lögreglu á hverjum tíma verður ávallt að taka mið af útkallsvegalengdum.


<sup>5</sup> Taflan er byggð á áætlun sem fyrirtækið Samsýn vann fyrir ríkislögreglustjóra.

<sup>6</sup> Skilgreining á grunnþjónustu lögreglunnar, ríkislögreglustjórinn október 2009.

[skilgreining\\_a\\_grunnþjonustu\\_logreglunnar.pdf](http://stjornarradid.is/skilgreining_a_grunnþjonustu_logreglunnar.pdf) (stjornarradid.is)


## 6.1 Fjöldi mála lögreglu skráð í Dalabyggð

Sé horft til fjölda mála sem skráð í póstnúmerum 370 og 371 fyrir árin 2019 til 2022 þá eru brot 1.294 og málsnúmer 957. Af þeim eru 82 mál skráð á lögregluna á Vestfjörðum. Gera verður ráð fyrir að ef til staðar væri lögregluvakt í Búðardal, hvort heldur gert út frá lögreglustöð eða sem sérstakt varðsvæði, væru málin væntanlega fleiri vegna öflugri afbrotavarna í formi frumkvæðislöggæslu. Mynd 2 sýnir fjölda mála eftir mánuðum. Ljóst er að flest þeirra eiga sér stað yfir sumartímann.



Mynd 2. Fjöldi mála eftir mánuðum 2019 til 2022.

Á mynd 3 má sjá að hvað varðar tíma sólarhringsins sem brot og verkefni eiga sér stað þá eru þau flest milli 12:00 til 17:59 eða 558. Milli 06:00 til 11:59 eru þau 185, milli 18:00 til 23:59 eru þau 179 og milli 00:00 til 05:59 eru þau 37.




Mynd 3. Fjöldi mála eftir tíma sólarhringsins 2019 til 2022.

Með hliðsjón af því á hvaða tíma sólarhringsins flest brot og verkefni eiga sér stað verður að telja að vakt á tímabilinu frá 07:00 til 23:59 væri ákjósanleg. Ekki er til staðar nauðsynlegur fjöldi lögreglumanna á

Vesturlandi til að mæta þeirri þörf og ljóst að núverandi fjöldi lögreglumanna í umdæminu er ekki ásættanlegur. Nánar er fjallað um greiningu á mannaflaþörf varðandi Dalabyggð í kafla 10.

Á mynd 4 má sjá á korti hvernig brot og verkefni dreifast innan Dalabyggðar. Ljóst er að ef ekki er til staðar mönnum lögregluvakt í Dalabyggð að útkallsvegalengdir lengjast og stórt svæði innan umdæmisins þar sem lögregluliðið nær ekki ásættanlegum viðbragðstíma við neyðarútköll í samræmi við markmið löggæsluáætlunar.




Mynd 4. Brot og verkefni í Dalabyggð 2018 til 2022.

## 6.2 Umferðarlöggæsla, neyðarútkallsþjónusta

Umferðarlöggæsla er eitt af veigameiri verkefnum almennrar lögreglu. Í ljósi staðsetningar Búðardals getur mönnum lögregluvakt þar hvort heldur þar er lögreglustöð eða varðsvæði verið ákjósanleg.


Eftir að Vestfjarðarvegur um Þröskulda var opnaður hefur umferð til og frá Vestfjörðum færst yfir á þá leið og í gegnum Búðardal. Þannig fara um 1.500 ökutæki daglega í gegnum Búðardal og 880 yfir vetrartímann. Gera má ráð fyrir að umferðin aukist frekar. Það sama á við um umferð til sunnanverðra Vestfjarða og með vegabótum um Teigsskóg, Dynjandisheiði og þverun Þorskafjarðar er gert ráð fyrir að umferð þá leið aukist og eins um Skógarströnd þegar haldið verður áfram að bæta samgöngur beint út á Snæfellsnes.

Mynd 5 sýnir vetrarþjónustu Vegagerðarinnar fyrir Vestfirði 2022-2023 sem gefur góða mynd af megin samgöngum til og frá þéttbýlisstöðum og byggðakjörnum á Vestfjörðum um Dalabyggð. Vegurinn um Þröskulda er þjónustaður alla daga. Á myndinni má einnig sjá hvernig staðsetningin hentar til frekara samstarfs við lögreglulið staðsett á lögreglustöðvum á Hólmavík og Hvammstanga sem tilheyra umdæmum lögreglustjórans á Vestfjörðum og á Norðurlandi Vestra.



Mynd 5. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar 2022-2023.

Á mynd 6 er sýnt kort um vetrarþjónustu á Vesturlandi 2022-2023. Sjá má að staðsetning lögregluliðs í Dalabyggð getur einnig styrkt útkallsgetu lögreglunnar vegna verkefna á Holtavörðuheiði í samstarfi við liðsafla frá lögreglustöðvunum í Borgarnesi og á Hvammstanga og Hólmavík eftir atvikum.




Mynd 6. Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar 2022-2023.

## 7 Viðbragðstími

Lögreglan á Vesturlandi hefur ekki náð markmiðum um meðaltals viðbragðstíma í forgangi 1 og 2 undir 10 mínútum. Niðurstaðan er að meðal viðbragðstíminn er 14,95 mínútur ef árin 2021 og 2022 eru tekin saman.

Í skýrslu ríkislögreglustjóra um mat á öryggisstigi á Vesturlandi frá 19. apríl 2023 var m.a. horft til dreifingar neyðarsímtala um umdæmið. Mynd 7 sýnir dreifinguna á tímabilinu frá 2019 til 1. október 2022. Eins og sjá má á myndinni dreifast neyðarsímtölin mjög víða um umdæmið og sé horft til landfræðilegrar staðsetningar lögreglustöðva er ljóst að mikilvægt er að hafa lögreglustöð á Búðardal eða í það minnsta skipulagt varðsvæði í því skyni að stytta viðbragðstíma.



**Mynd 7.** Neyðarsímtöl í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi á tímabilinu frá 2019 til 1. október 2022


Neyðarútköll í forgangi eitt og tvö eru skráð 23 á tímabilinu frá 2021 til 31. október 2023. Það samsvarar fleiri en 9 á ári miðað við stöðuna 31. október 2023. Viðmiðið í kafla 5.2 varðandi varðsvæði eru 9 útköll. Forgangsútköllin skiptast svo niður á daga vikunnar og tíma sólarhringsins eins og sjá má í töflu 3.

**Tafla 3.** Neyðarútköll F1 og F2 á tímabilinu 2021 til 31. október 2023.

Vikudagur	00:00-07:00	07:00 til 12:00	13:00 til 18:00	19:00 til 00:00	Samtals
Sun.	0	0	2	1	3
Mán.	0	1	2	2	5
Þri.	0	2	2	1	5
Mið.	0	2	2	0	4
Fim.	0	2	0	0	2
Fös.	0	0	2	0	2
Lau.	0	0	2	0	2
<b>Samtals</b>		<b>7</b>	<b>12</b>	<b>4</b>	<b>23</b>

Einnig er að finna í skýrslunni kort af umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi (mynd 8) sem sýnir dreifingu byggðar og útkallsvegalengdir frá þáverandi lögreglustöðvum í Borgarnesi, Stykkishólmi, Ólafsvík, Búðardal og á Akranesi.

Mikið er af mannvirkjum í umdæmi og má þar nefna stórar sumarbústaðabyggðir auk þess að á svæði er mikið um búskap og fjöldi lögbýla og önnur starfsemi.



Mynd 8. Kort af Vesturlandi og áætlaður viðbragðstími

Fram kom í skýrslunni að ef viðbragðstími er borinn saman við staðsetningu íbúa megi ætla að lögreglan nái til um 74,8% íbúabyggðar á innan við 10 mínútum miðað við staðsetningu framangreindra lögreglustöðva. Ljóst er að það hlutfall mun lækka ef ekki er lögreglustöð í Búðardal eða varðsvæði sem mannað með lögreglumönnum á þeim tíma sem lögreglustöð væri annars opin þar.

## 8 Reynsla landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu

Í löggæsluáætlun fyrir Ísland 2019 til 2023 eru sett fram markmið og mælikvarðar m.a. um ánægju um störf lögreglu samkvæmt könnunum meðal almennings. Ljóst er að lögreglan á Vesturlandi hefur ekki náð þeim markmiðum að fullu.

Til þess að skoða niðurstöður varðandi Dalabyggð (póstnúmer 370 og 371) þarf að horfa til niðurstaðna fleiri ára. Sjá má í töflu 4 að niðurstöður meðaltals áranna 2013 til 2023 eru mun lakari hvað varðar svör íbúa í póstnúmerum 370 og 371 en fyrir umdæmið í heild varðandi spurningar um hversu góðu eða slæmu starfi lögreglan skili til að stemma stigu við afbrotum. Einnig hvað varðar ánægju með þjónustu/aðstoð lögreglu og aðgengi að lögreglunni þegar viðkomandi þarf á að halda þjónustu eða aðstoð. Niðurstöður varðandi Dalabyggð draga þannig niður heildarniðurstöðuna fyrir umdæmið í heild. Hins vegar er ekki mikill munur hvað varðar öryggis tilfinningu.

Þó íbúafjöldi í Dalabyggð sé líttill hluti af íbúum umdæmisins má ætla að ef árangur næst við að efla þjónustu lögreglunnar á svæðinu muni það hafa e.h. áhrif á niðurstöður fyrir embættið í heild sinni.

**Tafla 4. Niðurstöður kannana meðal almennings um ánægju með störf lögreglu. Meðaltal 2013-2023.**

Spurning	Svör	Dalabyggð	Vesturland
Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum?	Góðu	76,79%	91,92%
	Slæmu	23,21%	8,08%
Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þjónustu/aðstoð lögreglu?	ánægð(ur)	6,86%	23,70%
	óánægð(ur)	2,31%	4,11%
Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi/byggðarlagi?	aðgengileg	41,44%	71,86%
	óaðgengileg	51,46%	16,28%
Hversu örugg(ur) eða óörugg(ur) finnst þér þú vera þegar þú ert ein/einn á ferli í þínu hverfi þegar myrkur er skolið á?	öruggur	88,43%	85,07%
	óöruggur	5,28%	5,22%

Þessu tengt er áhyggjuefni ef íbúar tilkynna síður bráðatilfelli líkt og ölvunarakstur og akstur undir áhrifum fíkniefna vegna þess að vita hve langa vegalengd lögreglan þarf að fara til að bregðast við og því sé tilgangslaust að tilkynna í slíkum málum.

## 9 Viðbragðsaðilar

Í Búðardal hefur verið lögreglustöð til fjölda ára mönnuð með einum lögreglumanni auk þess sem til staðar hafa verið héraðslögreglumenn. Mönnun með einum menntuðum lögreglumanni getur aldrei talist ásættanleg. Staðan í dag er sú að enginn lögreglumaður er til staðar og leigusamningi vegna lögreglustöðvarinnar hefur verið sagt upp. Húsnæði þótti óhentugt, of stórt og fullnægði ekki kröfum svo sem varðandi fangageymslur.

Í Búðardal er einnig staðsett slökkvilið, heilsugæsla og sjúkrabíll, björgunarsveitin Ósk og deild Rauða krossins í Dölum og Reykhólahreppi. Í minnisblaði sveitarfélagsins Dalabyggðar, dags. 18.04.2023 er bent á að hver og einn viðbragðsaðili er í sér húsnæði og almennt megi segja að húsnæði aðila henti starfsemi þeirra illa eða alls ekki. Jafnframt er bent á möguleika þess að byggt verði húsnæði sem hýst gæti alla viðbragðsaðila í Búðardal. Þannig væri hægt að hýsa allan búnað og starfsemi viðbragðsaðila með góðu móti.

Tekið er undir þau sjónarmið sveitastjórnarinnar að slík ráðstöfun styrki starfsemi viðbragðsaðila í heild á svæðinu. Ætla má að það leiði til meiri og betra samstarfs varðandi viðbúnað vegna slysa, leitar og björgunar og almannavarna. Þá eru einnig möguleikar á því að styrkja viðbragð með aukinni samvinnu aðila yfir umdæmamörk lögreglu.

## 10 Lögreglustöð í Búðardal

### 10.1 Almenn


Fram kemur í bókinni Lögreglan á Íslandi, stéttartal og saga að um 1955 hafi verið hafist handa við að koma á fót löggæslu í Dalasýslu. Fyrsta lögreglusamþykktin fyrir Dalasýslu er frá 1940. Ekki var til staðar



sérstök lögreglustöð en lögreglumenn höfðu aðgang að aðstöðu á sýsluskrifstofunni. Lögreglan hafi fljótlega fengið lögreglubifreið til umráða sem var einnig sjúkrabifreið og var svo fram til 1980.<sup>7</sup>

Íbúafjöldi í byggðarkjarnanum Búðardal (póstnúmer 370) er 246 manns. Í dreifbýli (póstnúmer 371) eru íbúar 407. Árið 2023 er íbúafjöldi í Dalabyggð því samtals 653 einstaklingar eða um 3,7% af heildarfjölda íbúa umdæmis lögreglustjórans á Vesturlandi. Flatarmál Dalabyggðar er hins vegar um 2.421 km<sup>2</sup> sem er rúm 25% af heildar flatarmáli umdæmisins.

Á mynd 9 má sjá hversu miðlægt lögreglustöð í Búðardal er gagnvart öðrum lögreglustöðvum, hvort heldur er í umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi, Vestfjörðum eða Norðurlandi vestra.



**Mynd 9.** Staðsetning lögreglustöðva með hliðsjón af Búðardal miðað við loftlínu.

Í ljósi vegalengda frá byggðarkjarnanum í Búðardal þá er ljóst að aksturstími þaðan til lögreglustöðvar í Borgarnesi er um 53 mínútur og til Hólmavíkur er hann einnig um 53 mínútur. Áætlaður tími miðast við 90 km/klst. meðalhraða. Til Stykkishólms er hann um 1 klst. og 14 mínútur. Er þá miðað við 70 km/klst. meðalhraða. Skógarstrandavegur er að hluta ekki með bundnu slitlagi og seinfær á köflum. Ef miðað er við framangreindar forsendur um 45 mínútna akstursfjarlægð til lögreglustöðvar er ljóst að lengra er frá byggðarkjarnanum í Búðardal en sem því nemur til næstu lögreglustöðvar. Hins vegar er íbúafjöldi í Dalabyggð lítill hluti af íbúafjölda í lögregluumdæminu.

Sé litið til fjarlægða til næstu lögreglustöðva þá eru 80 km til Borgarness og áætlað tekur um 46 mínútur fyrir lögregluna að mæta á vettvang í Búðardal þaðan í forgangsakstri. Til Stykkishólms eru 87 km og áætlað að taki lögreglumenn þaðan um 57 mínútur að mæta á vettvang í forgangsakstri. Er þá horft til

<sup>7</sup> Lögreglan á Íslandi stéttartal og saga, bls. 470

Þess að hluti vegarins um Skógarströnd er ekki með bundnu slitlagi og seinfær. Til Hólmavíkur eru 80 km og áætlað að taki lögreglumenn þaðan um 45 mínútur að mæta á vettvang í forgangsakstri.

Búðardalur liggur í reynd mjög miðsvæðis milli Borgarness, Stykkishólms, Hólmavíkur og Hvammstanga. Sé litið til áður nefndra viðmiða um þjónustusvæði lögreglustöðva um að 90% íbúa innan hvers umdæmis sé að hámarki í 45 mínútna akstursfjarlægð frá næstu lögreglustöð er ljóst að með því að horfa framhjá umdæmamörkum má mögulega fjölga þeim íbúum sem falli undir þau viðmið. Þá má mögulega bæta viðbragð lögreglu á þessu svæði með aukinni samvinnu yfir umdæmamörk.

Með sama hætti má mögulega stytta viðbragðstíma í þeim tilfellum sem vegalengdir frá Búðardal eru styttri en frá lögreglustöðunum í Borgarnesi, Stykkishólmi, Hólmavík, Patreksfirði og Hvammstanga. Reykhólar eru innan umdæmis lögreglunnar á Vestfjörðum og sem dæmi má nefna að frá Búðardal til Reykhóla eru um 75 km og áætlaður forgangstími 43 mínútur í forgangsakstri. Frá Hólmavík eru 57,9 km og áætlaður forgangstími 33 mínútur. Varðandi Norðurland vestra er vegalengdin frá Búðardal til Hvammstanga um 82 km og áætlaður forgangstími um 46 mínútur.

Áætlanir um viðbragðstíma miðast við að færð sé góð en mikil umferð færð og veðurfarsaðstæður geta breytt þeim áætlunum mjög mikið. Tafla 5 sýnir áætlaðan viðbragðstíma milli framangreindra byggðakjarna. Áætlun varðandi Stykkishólm tekur mið af því að Skógarstrandavegur er að hluta til ekki með bundnu slitlagi og seinfær á köflum.

Tafla 5. Áætlaður viðbragðstími

Byggðarlag	Borgarnes	Búðardalur	Hólmavík	Hvammstangi	Reykhólar	Stykkishólmur
Borgarnes	00:00	00:46	01:31	01:10	01:28	00:56
Búðardalur	00:46	00:00	00:45	00:46	00:43	00:54
Hólmavík	01:31	00:45	00:00	01:22	00:33	01:44
Hvammstangi	01:10	00:46	01:22	00:00	01:29	01:43
Reykhólar	01:28	00:43	00:33	01:29	00:00	01:41
Stykkishólmur	00:56	00:54	01:44	01:43	01:41	00:00

Hægt er að efla viðbragð lögreglu með auknu samstarfi við lögregluliðin á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Sé litið til íbúafjölda á Reykhólum þá eru þeir 116 í byggðakjarnanum (póstnúmer 380) og 116 í dreifbýlinu (póstnúmer 381). Í sveitarfélaginu Reykhólahreppi eru þannig 232 íbúar. Íbúafjöldi í Strandabyggð er 428 íbúar og í Húnaþingi vestra eru 1.258 íbúar.

## 10.2 Lágmarksmönnun

Eins og áður hefur komið fram er það mat ríkislögreglustjóra að hvað varðar grenndarlögreglustöðvar sé lágmarksmönnun sé fjórir til níu lögreglumenn. Meginverkefni viðkomandi er almenn löggæsla þ.m.t. umferðarlöggæsla, rannsóknir minniháttar mála, forvarnir og önnur grenndarlögreglustörf þar með málefni er varða börn og ungmenni og alhliða samstarf við aðrar stofnanir og almenning.

Mönnunartími á minni grenndarlögreglustöðvum er mismunandi milli umdæma landsins og þörfin kann að vera mismunandi. Að lágmarki ættu að vera starfandi 4 lögreglumenn á minni grenndarlögreglustöðum og mönnunartími í samræmi við fjölda verkefna miðað við tíma sólarhringsins og daga vikunnar. Lögreglumenn séu ekki einir á vakt.

Hins vegar væri mjög ásættanlegt að lögregluvakt væri viðhöfð á tímabilinu 07:00 til 23:00 virka daga og 09:00 til 01:00 um helgar auk bakvakta á öðrum tímum sólarhringsins. Bakvaktir hjálpa líka við að stytta viðbragðstíma. Slík ráðstöfun kallar hins vegar á að ráðnir séu níu lögreglumenn.

Í töflu 6 má sjá hvernig fjöldi mála eftir tíma sólarhringsins skiptist á einstökum dögum vikunnar í Dalabyggð sem hægt er að leggja til grundvallar við mat á hvenær mest er þörf á vakt á svæðinu. Auk þess sem byggt er sérstaklega á því hvenær neyðarútköll í forgangi F1 og F2 hafa verið sbr. töflu 3.

**Tafla 6.** Fjöldi mála eftir vikudögum og tíma sólarhrings 2021 til 31. október 2023.

Vikudagur	00:00 til 05:59	06:00 til 11:59	12:00 til 17:59	18:00 til 23:59	Alls
Sunnudagur	7	18	59	34	118
Mánudagur	5	25	77	25	132
Þriðjudagur	3	29	87	10	129
Miðvikudagur	3	28	86	19	136
Fimmtudagur	5	30	74	18	127
Föstudagur	12	37	111	36	196
Laugardagur	2	22	64	37	125
<b>Samtals</b>	<b>37</b>	<b>189</b>	<b>558</b>	<b>179</b>	<b>963</b>

Ef horft er til allra brota og verkefna sem eru skráð er niðurstaðan samanber töflu 7.

**Tafla 7.** Öll brot og verkefni eftir vikudögum og tíma sólarhringsins 2021 til 31. október 2023.

Vikudagur	00:00 til 05:59	06:00 til 11:59	12:00 til 17:59	18:00 til 23:59	Alls
Sunnudagur	15	31	74	52	172
Mánudagur	5	33	97	36	171
Þriðjudagur	4	40	117	13	174
Miðvikudagur	5	35	115	27	182
Fimmtudagur	6	43	90	25	164
Föstudagur	15	47	143	48	253
Laugardagur	3	30	91	54	178
<b>Samtals</b>	<b>53</b>	<b>259</b>	<b>727</b>	<b>255</b>	<b>1.294</b>

Verkefnafjöldi er slíkur að mikilvægt er að til staðar sé mönnum lögregluvakt í Dalabyggð auk þess sem ljóst er að þörf er á auknum afbrotavörnum á svæðinu. Lögreglustöð í Búðardal verði að lágmarki mönnum fjórum lögreglumönnum og mönnum á þeim tíma þar sem þörfin er mest.